



Fundargerð

413. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps.
Fimmtudaginn 12. október 2017.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Vilberg Práinsson (VP) oddviti, Karl Kristjánsson (KK), Áslaug Berta Guttormsdóttir (ÁBG), Ágúst Már Gröndal (ÁMG), Sandra Rún Björnsdóttir (SRB). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er þrjár blaðsíður

Oddviti bauð fólk velkomið og spurði eftir öðrum málum á dagskrá, tvö mál bárust og var samþykkt að taka þau á dagskrá undir liðnum önnur mál, var þá gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Fundargerðir

1. 411. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps haldinn 14. september 2017.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. 412. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps haldinn 18. september 2017.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

3. Skipulags- húsnaðis- og hafnarnefnd 9. október 2017.

Formaður fór yfir fundargerðina.

3.1 1710014 - Stjórnsýslukæra 114/2017

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar.

Erindi og kæra lögð fram. Sveitarstjórn veitir skipulags- og byggingafulltrúa fullt umboð til að gæta hagsmuna sveitarfélagsins í kærumálin nr. 114/2017 fyrir úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála og tekur það til allra nauðsynlegra ráðstafana varðandi málsmeðferð málsins fyrir úrskurðarnefndinni.

Til að taka af öll tvímæli samþykkir sveitarstjórn að gera breytingar á skipulagi svæðisins hvað varðar hámarks fermetrafjölda og byggingareit þannig að byggingin samrýmist skipulaginu.

Ákvæði um þakhalla verði óbreytt og verði byggingin löguð að því.

Skipulagsfulltrúa falið að grenndarkynna óverulega breytingu á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. samanber 44. gr. laga nr. 123/2010. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt að öðru leyti.

4. Stjórn Barmahlíðar 12. október 2017

Formaður fór yfir fundargerðina

5.1 Kaup á íbúð Brynju hússjóðs í Barmahlíð.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar.

Fundargerðin samþykkt að öðru leyti.

5. Velferðarnefnd 34. fundur 26. september 2017.

Farið yfir fundargerðina.

5.1 Reglur um sérstakan húsnæðisstuðning.

Sveitarstjórn samþykkir framlagðar reglur um sérstakan húsnæðisstuðning. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt að öðru leyti.

Mál til afgreiðslu

1. 1710025- Fjárhagsáætlun 2018 - 2021.

Rammaáætlun 2018

Lagður er fram rammi vegna fjárhagsáætlunargerðar fyrir árið 2018. Sveitastjórn gerir ekki athugasemd við framlagðan ramma.

2. 1710026 - Rekstraryfirlit jan - ágú 2017, útkomuspá.

Lagt er fram rekstraryfirlit vegna janúar - ágúst 2017.

Sveitarstjórn fór yfir rekstur sveitarfélagsins fyrstu átta mánuði ársins. Tekjur sveitarfélagsins eru á áætlun en laun hafa hækkað meira en gert var ráð fyrir í áætlun fyrir árið 2017. Sveitarstjóra falið að útbúa viðauka við fjárhagsáætlun til að mæta auknum kostnaði og leggja fram á næsta fundi sveitarstjórnar í nóvember. Samþykkt samhljóða.

3. 1510008 - Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar, vinnslutillaga.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við vinnslutillöguna. Samþykkt samhljóða.

4. 1710027 - Ísafjarðarbær leiðandi sveitarfélag um málefni fatlaðra, tillaga.

Sveitastjórn tekur ekki afstöðu til málsins að svo stöddu. Samþykkt samhljóða.

5. 1710028 - Kosningar til Alþingis 28. október 2017.

5.1 Kjörfundur.

Sveitarstjórn samþykkir að kjördeild við Alþingiskosningar laugardaginn 28. október 2017 verði í Stjórnsýsluhúsinu Maríutröð 5a á Reykhólum, og skal fundur hefjast kl. 10 og standa til kl. 18.

5.2 Kjörskrá.

Kjörskrárstofn lagður fram. Sveitarstjórn samþykkir kjörskrána og skal hún liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins fram að kosningardegi.

6. 1710024 - Húsnæðisþing 16. október 2017.

Sveitarstjórn sendir ekki fulltrúa á þingið. Samþykkt samhljóða.

7. 1710029 - Ósk um styrk.

Erindi frá Félagi eldri borgara í Dalabyggð og Reykhólahreppi ódagsett.

Sveitarstjórn samþykkir að verða við styrk að upphæð kr. 100.000 til félags eldri borgara í Dalabyggð og Reykhólahreppi til að styðja við akstur og kaffiveitingar á viðburðum félagsins. Samþykkt samhljóða.

8. 1710021 - Umsókn um leikskólavist utan lögheimilissveitarfélags.

Sveitarstjórn samþykkir umsóknina skólárið 2016-2017. Samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar

9. 1710013 - Sóknaðáætlanir landshluta.

Greinargerð um framvindu samninga og ráðstöfun fjármuna 2016.

Lagt fram og kynnt.

10. 1710030 -Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar við kosningar til Alþingis 28. október 2017.

Erindi frá sýslumanninum á Vestfjörðum dagsett 27. september 2017.

Lagt fram og kynnt.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin.

11. 1710031 - Sjávarsmiðjan, kynning á stöðu verkefnis.

Kristín Ingibjörg Tómasdóttir sat með sveitarstjórn á skjáfund. Kynnti hún stöðu verkefnisins um sjávarböð á Reykhólum. Kynningin var haldin að beiðni sveitarstjórnar vegna umsóknar um styrk til reksturs Sjávarsmiðjunnar árið 2017.

Sveitarstjórn samþykkir styrk til Sjávarsmiðjunnar að upphæð kr. 150 þús. Samþykkt samhljóða.

12. Samningur samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins og Reykhólahrepps um fjárstuðning vegna viðgerðar á ferjubryggju í Flatey.

Lögð eru fram drög að samningi vegna viðgerðar á höfninni í Flatey. Sveitarstjóra falið að undirrita samninginn fyrir hönd sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 19:30

_____	_____
_____	_____
_____	_____

